

# HÚSÖNDIN

20.tbl. 1.árg.  
20.júní 2018

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com  
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:  
8492804

## AFMÆLISBÖRN DAGANA 21.-27.JÚNÍ 2018

- 21.6 *Valgeir Guðmundsson*  
22.6 *Hólmgeir Logi Jónasson, Margus Kæaer, Pétur Jónasson*  
23.6 *Aneta Vicanová, Auður Jónsdóttir, Dagur Sæmundsson,  
David Janik, Matous Matej*  
24.6 *Gunnar Rúnar Pétursson*  
25.6 *Dorota Bakun*  
26.6 *Arnfríður Anna Jónsdóttir*  
27.6 *Axel Þór Jónasson*



## Fjárlagakvöld í Skjólbrekku

Sunnudaginn 1. júlí kl 20:00



Skemmtilegu fjárlögin verða sungin undir stjórn Margrétar Bóasdóttur og Sólveigar Önnu Jónsdóttur til minningar um Jón Stefánsson, organista. Árlegur viðburður þar sem við komum saman, syngjum og höfum gaman! :-)

Aðgangur: 1.000kr

Bláu og gulu bækurnar verða líka til sölu á staðnum fyrir 2.000kr stykkið.

*Einungis verður hægt að greiða með reiðufé.*



## AUGLÝSING UM BÚFJÁRHALD Í ÞÉTTBÝLI REYKJAHLÍÐAR

Með vísan í 28. gr. lögreglusamþykktar Skútustaðahrepps, laga nr. 38/2013 um búfjánhald, bókunar landbúnaðar- og girðinganevndar Skútustaðahrepps 9. janúar 2018 og staðfestingu sveitarstjórnar 10. janúar 2018, er tilkynnt að búfjánhald er bannað og lausaganga öll í þéttbýli Reykjahlíðar og nágrenni. Þetta er í samræmi við 6. gr. samnings Landgræðslu ríkisins annars vegar og Landeigendafélags Reykjahlíðar hins vegar, dags. 25. sept. 1989. Innan afgirtra beitarhólfa, eins og afmörkuð eru samkvæmt fyrrgreindum samningi, er varsla búfjár þó heimil þeim sem rétt eiga. Gangi búfé laust innan girðingar, utan beitarhólfa, skal umráðamaður búfjár smala búfé saman og setja aftur inn á afgirt beitarhólf. Verði umráðamaður ekki við því getur lögreglustjóri gert nauðsynlegar ráðstafanir. Samkvæmt 29. gr. lögreglusamþykktar mun kostnaður sem leiðir af framkvæmdum og ráðstöfunum lögreglustjóra og Skútustaðahrepps greiddast af þeim er ábyrgð ber á vanrækslunni.

Sveitarstjóri

## UPPSETNING, VIÐHALD OG VIÐGERÐIR

Tek að mér uppsetningu, viðhald og viðgerðir á rafeinda, tölvu, net og annarsskonar rafbúnaði. Bjallaðu á mig ef þú ert í vanda. 20 ára reynsla  
Sími 8520480 Ásgeir. asgith@gmail.com



# Mývetningar 60+ athugið :)

Framvegis verða íþróttæfingar eldri Mývetninga í boði Mývetnings eingöngu á miðvikudögum klukkan 14:00.

Allir velkomnir

## SAGA AF GÆSUM



Gæsamma og gæsapabbi komu heim til Íslands í gær. Þau voru samferða stórum hóp af gæsapörum sem ætluðu til Landeyja. Gæsir fljúga í oddaflugi á milli landa og er foringinn í fararbroddi og ræður ferðinni.

Loksins eftir langan tíma komu þær inn að strönd Íslands. Þær settust á túnin í Landeyjum. Þar var mikið af nýsprötnu grasi og gómsætum jurtum. Þetta voru allt heiðagæsir og ætluðu þær flestar að fara upp á hálandi Íslands til að verpa eins og þær gerðu í fyrra. Þær voru þreyttar og ákváðu að vera kyrrar á þessum góða stað á meðan þær væru að jafna sig eftir flugið.

Loks tóku gæsamma og gæsapabbi sig út úr hópnum og flugu hátt í loft upp og stefndu á Þjórsárver. Þau görguðu hátt og hvellt og létu fólkið í Fljótshlíðinni heyra til sín. Þar voru líka lítil börn úti að leika sér og þegar þau sáu gæsirnar bentu þau upp í loftið og sögðu. “ Nú er vorið komið fyrst gæsirnar eru komnar”. Fuglarnir héldu áfram för sinni og flugu yfir Gullfoss og fram hjá Bláfelli. Ekki leið á löngu áður en þau sáu hvar Hofsjökull blasti við í norðri með hvíta jökulhettu baðaða í sólskini. Ég er þyrst sagði gæsamma og vildi stoppa og fá sér vatnssopa í læk sem hún sá. Já við skulum fá okkur að drekka , sagði gæsapabbi og tók sveig til hægri til þess að lenda á sléttum bala við lækinn.

Þegar þau höfðu drukkið nægju sína sáu þau krumma þar sem hann kom fljúgandi með eitthvað í gogginum. Hann var að færa ungunum sínum mat en þeir voru í hreiðri í klettaskoru skammt frá og görguðu hátt. Það er naumast hávaðinn í þessum krummakrökkum sagði gæsamma og fussaði. Já sagði karlinn – Við skulum drífa okkur af stað og finna hreiðurstæðið okkar frá í fyrra í blessuðum mosatanganum okkar. Svo gargaði hann hátt og gæsamma tók hressilega undir svona rétt til að láta krumma fjölskylduna vita að þau væru nú ekki ein í heiminum.

Þegar þau nálguðust gamla heimilið sitt tóku þau eftir því að þarna var einhver hreyfing á ferðum. Hvað skyldi þetta nú vera segir gæsamma og brýndi sjónina. Sérð þú hvað þetta er karl minn? Nei en mér sýnist þetta vera eitthvað stærra en refur og það er með horn. Já sagði gæsamma mér lýst bara ekkert á þetta dýr. Þegar þau komu nær sáu þau að þetta var hreindýr. Vertu bara róleg kelli mín sagði gæsapabbi. Ég ætla að renna mér niður að þessum tarfi og reka hann burtu. Svo rak hann upp hátt öskur og renndi sér á fullri ferð niður að dýrinu og þá varð gæsamma svo æst að sjá þessar aðfarir að hún gerði það sama. Og þvílíkur hávaði. Aumingja hreintarfurinn sem villst hafði frá heimahögum sínum við Snæfell varð ekki um sel en tók til fótanna og hljóp eins og fatur toguðu í austurátt og óð yfir árhvíslar og læki svo gusurnar gengu í allar áttir.

Þegar gæsahjónin sáu það sneru þau við og voru nú fegin að vera laus við þennan óboðna gest. Þau settust á mosatangann sinn og köstuðu mæðinni.

Gæsamma sneri sér að kalli sínum og sagði – velkominn heim gamli minn – hér er alltaf best að vera. Svo strauk hún nefinu léttilega upp með hálsinum á gæsapabba. Hann svaraði með því að snerta gogginn á henni með sínum og horfa á kelli sína ástleitnum augum. Þvílík heppni að hafa náð í svona fallega og velgerða gæs. Og svo hafði hún gefið honum tuttugu unga á 4 árum. Hann fann fíðringinn fara um sig og hlakkaði til að eignast með henni fallega unga í sumar. Sólin var að hníga til víðar og varpaði rauðleitum bjarma á fjöll og dali. Kyrrðin var alger þarna í þessu draumalandi gæsanna og þær féllu í svefn í mjúkum mosaum á heimili sínu og dreymdi ljúfa drauma um sumarið sem var á næsta leiti.

Morguninn eftir fór gæsamma að lagfæra gamla hreiðrið sitt og fódraði það að innan með gulum mosa og svo sótti hún sinustrá sem hún lagði í botninn. Hún flaug út á lækinn með gæsapabba til að fá sér ferskt vatn að drekka og svo kroppuðu þau gras með gogginum sínum þangað til þau voru orðin södd.

Gæsamma verpti 8 eggjum í hreiðrið sitt en gæsapabbi var á verði og rak alla óboðna gesti frá. Einn morguninn sáu þau hvar tvær grágæsir komu og settust á lækinn. Gæsamma lyfti höfðinu og sagði við kall sinn. Rektu þær burtu þessar hlussur – ég vil ekki hafa svona frekjur á minni landareign. Gæsapabbi gerði það og var fjótur að því. Svo kom hann kjagandi til gæsammu og var nú heldur en ekki montinn. Hún rak honum rembingsskoss og svo fóru þau að fá sér að borða.

Sólveig Illugadóttir

